Hvernig fannst þér síðasta stærðfræðipróf?

Finndu stærðfræðilegt myndrit (línurit eða súlurit) í blaði, komdu með það í næsta stærðfræðitíma og skrifaðu um hvað það þýðir og hvers vegna það er sett upp eins og það er gert.

Besti vinur þinn var veikur einn dag og missti af stærðfræðitímanum.

Skrifaðu honum bréf og útskýrðu hvað þú lærðir í þessum tíma.

Útskýrðu fyrir frænku þinni sem er að byrja í skóla hvað er líkt með samlagningu og margföldun.

Mundu að myndir segja oft meira en mörg orð.

Skýrðu reikningsdæmið 220 – 125 með orðum. Reyndu að skrifa um það sögu.

Skýrðu með orðum hvað þríhyrningur er.

Hvað langar þig helst að læra í stærðfræði?

Hvað finnst þér skemmtilegast í stærðfræði?

Settu þér markmið í stærðfræði fyrir næstu tvær vikur (eða annan þann tíma sem kennarinn telur heppilegan).